

# Reglugerð um Unglingameistaramót Íslands

1. Unglingameistaramót Íslands í flokkum 12-13 ára og 14-15 ára í alpagreinum og skíðagöngu skal fara fram ár hvert nema veður og aðrar ástæður hamli. Ekki skal halda mótið á sama stað og Skíðamót Íslands.
2. Þau aðildarfélög er vilja hafa á hendi framkvæmd mótsins skulu senda umsókn um það til stjórnar SKÍ eigi síðar en mánuði fyrir Skíðaping. Umsókninni skal fylgja áætlun um framkvæmd mótsins, aðstöðu keppenda og gesta. Mótsstaður fyrir Unglingameistaramót Íslands skal ákveðinn á Skíðapingi tvö ár fram í tímann. Mótshaldari skal þá þegar skipa mótstjóra sem kynnir undirbúning, dagsetningu og dagskrá á næsta Skíðapingi.
3. Mótshaldara ber að senda öllum aðildarfélögum SKÍ boð um þátttöku ásamt upplýsingum um framkvæmd mótsins. Auglýsa skal mótið samkvæmt móta og keppnisreglum ÍSÍ.
4. Stjórn SKÍ tilnefnir tvo eftirlitsmenn með mótinu, í alpagreinum og í skíðagöngu. Dómnefndir eru í viðkomandi greinum og eru þannig skipaðar: Eftirlitsmaður SKÍ, leikstjóri eða fulltrúi mótshaldara og fulltrúi kosinn af fararstjórum.
5. Í leikskrá og skýrslum mótsins skal tilgreina aðildarfélag sem keppandi keppir fyrir. Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. 3 keppendur í viðkomandi keppnisgrein, eða 3 sveitir í boðgöngu. Stjórn SKÍ er heimilt að gefa undanþágu frá reglunni.
6. Innheimt eru keppnisgjöld skv. gjaldskrá SKÍ fyrir hvern skráðan keppanda í hverri grein og eru þau ekki afturkræf ef hann er á ráslista.

7. Keppa skal í eftirtöldum greinum:

<b>Alpagreinar</b>			
Svig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Stórsvig	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Alpatvíkeppni	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur
Samhliðasvig og/eða flokkasvig og/eða risasvig og/eða snjócross	12-13 ára	14-15 ára	Piltar og stúlkur

<b>Skíðaganga</b>				
3,5 km	12-13 ára	H-F		Piltar og stúlkur
5,0 km	14-15 ára	H-F		Piltar og stúlkur
Tvíkeppni	12-13 ára	14-15 ára		Piltar og stúlkur
3 x 2,0 km*			12-15 ára	Boðganga stúlkur
3 x 3,5 km*			12-15 ára	Boðganga piltar

\* = Samanlagður aldur að hámarki 42 ár.

Kept í 2 manna sveitum piltar og stúlkur, ef ekki næst í 3 sveitir má blanda kynjum í 2 manna sveitir. Ef breytt er í 2 manna sveitir skal keppt í 4 x 800m – 1,5km

Til þess að keppni geti farið fram þarf lágmarkspátttaka að vera a.m.k. 3 keppendur í viðkomandi keppnisgrein eða 3 sveitir í boðgöngu.

8. Á Unglingameistaramóti verði krýndir ungingameistarar í flokki 12-15 ára sem hér segir:
- Unglingameistari 12 ára pilta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 12 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 13 ára pilta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 13 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 14 ára pilta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 14 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 15 ára pilta í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 15 ára stúlkna í svigi, stórsvigi og alpatvíkeppni.
  - Unglingameistari 12-13 ára pilta í samhliðasvigi.
  - Unglingameistari 12-13 ára stúlkna í samhliðasvigi.
  - Unglingameistari 14-15 ára pilta í samhliðasvigi.
  - Unglingameistari 14-15 ára stúlkna í samhliðasvigi.
  - Unglingameistari 12-13 ára pilta í 3,5 km H, 3,5 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 12-13 ára stúlkna í 3,5 km H, 3,5 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 14-15 ára pilta í 5,0 km H, 5,0 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 14-15 ára stúlkna í 5,0 km H, 5,0 km F skíðagöngu og tvíkeppni.
  - Unglingameistari 12-15 ára pilta í boðgöngu.
  - Unglingameistari 12-15 ára stúlkna í boðgöngu.

Veitt verði verðlaun fyrir þrjú efstu sætin í hverjum flokki.

9. Að öðru leyti gilda hinar almennu reglur SKÍ um skíðamót.

Samþykkt á Skíðabingi, 13.maí 2017